

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Af hundum í Þingeyjarsveit skal sveitarsjóður innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Þingeyjarsveit, nr. 281/2004.

2. gr.

Gjaldskráin er sem hér segir:

- a. Almennt gjald er 7.400 kr. á ári. Hundahreinsunargjald innifalið.
- b. Handsömunargjald er 3.700 kr. í fyrsta sinn, 8.000 kr. í annað sinn.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 13. desember 2012 á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hundahald í Þingeyjarsveit nr. 353/2004.

Laugum, 14. febrúar 2013.

Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 1. mars 2013